



Menningar og safnanefnd

Fundur fimmtudaginn 23. október 2003

Menninga og Safnanefnd kom saman til fundar fimmtudaginn 23. október 2003 á bæjarskrifstofu klukkan 17:00
Mætt eru undirrituð.

Dagskrá

1. Matur og menning.
2. Starfið framundan.
3. Önnur mál.

Afgreiðslur

1. Rætt um fjölskylduhátíðina Matur og menning sem tókst mjög vel en voru þó hnökrar. Þarf að virkja fjölda fólks til að koma að hátíðinni næst, nefndarmenn taka að sér að virkja fólk í bænum til að koma að hátíðinni á næsta ári. Ýmsar hugmyndir ræddar um hvað væri hægt að hafa á hátíðinni á næsta ári.
2. Framundan er töluvert starf, t.d. Matur og menning, möguleiki á hafíssafni og fleiri verkefni, stefnt að hafa fund fljótlega í nefndinni.
3. Önnur mál
 - a. Bæjarstjóri kynnti hugmyndir Þórs Jakobssonar sem er mjög fróður um hafísmál. En hugmyndin er að koma á hafíssafni á Blönduósi enda hafís mjög tengdur sögu bæjarins. Búið að hengja upp myndir í anddyri Húnakaups þar sem hugmyndin er kynnt. Vangaveltur hafa verið uppi um hvort Hillebrandtshús sé ekki tilvalin staður fyrir safnið. Þarf að huga að þessu verkefni í fjárhagsáætlun og skoða möguleika á opinberum styrkjum. Nefndin telur mikilvægt verði farið af stað í þetta verkefni að vel verði haldið á málum. Þarf að gera ráð fyrir talsverðum kostnaði vegna þessa verkefnis sem er mjög spennandi.
 - b. Hugmynd um að gera afsteypu af styttni Veðurspámaðurinn eftir Ásmund til heiðurs Grími Gíslasyni. Það er búið að stofna nefnd til að afla fjár í að reisa styttnu og er í ákveðnum farvegi.
 - c. Rætt um leikfélagið – mjög gott starf er unnið þar og mikið framundan. Menningar og Safnanefnd hvetur bæjaryfirvöld til að halda áfram góðum stuðningi við félagið.

Fundargerð upplesin og samþykkt.
Fundi slitið 18:30

Margrét Sigurðardóttir
Signý H. Sigurhansdóttir
Hólmfríður B. Jónsdóttir

Matthías Imsland